



Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps

Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum

2019 – 2023



Markmiðið með jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps er að stuðla að jafnrétti kynjanna og að kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt allri starfsemi hreppsins. Aðgerðaáætlunin byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum sem undirritaður var árið 2008. Áætlunin verður endurskoðuð í síðasta lagi fyrir lok árs 2023.

Vopnafjarðarhreppur sem stjórnvald

12. gr Jafnréttisnefndir sveitarfélaga

Vopnafjarðarhreppur er jafnréttissinnað og lýðræðislegt sveitarfélag sem tryggir öllum einstaklingum jöfn tækifæri og möguleika til áhrifa og þar sem fjölbreyttar þarfir eru viðurkenndar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttismálin sett í farveg	Sveitarstjórn er ábyrgðaraðili jafnréttisstefnu og ber að vera með jafnréttismál á dagskrá árlega.	Sveitarstjórn	Árlega
	Endurskoða jafnréttisáætlunina ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar	Hreppsráð	Lokið í maí 2023
Öllum stofnunum, nefndum og ráðum ber að vinna samkvæmt jafnréttisstefnu	Jafnréttisáætlunin kynnt fyrir stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins og unnið eftir henni á viðkomandi fagsviði	Stjórnendur	Lokið í mars 2020
	Jafnréttisáætlunin kynnt fyrir íbúum	Skrifstofustjóri	Lokið í mars 2020
	Jafnréttissjónarmiðum sé fylgt eftir í hvívetna á grundvelli laga, samninga og sáttmála	Sveitarstjórn Stjórnendur	Alltaf
	Inntak jafnréttisstefnu sé samþætt með virkum hætti inn í aðra stefnumótun á vegum hreppsins	Sveitarstjórn Stjórnendur	Alltaf

15. gr. Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera

Við skipan í nefndir og ráð á vegum hreppsins skal hafa hlutföll kynja 2:3 í fimm manna nefndum og 1:2 í þriggja manna nefndum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jöfn hlutföll kynja í nefndum og ráðum	Taka saman upplýsingar um hlutfall kynja í nefndum og ráðum og leiðréttu ef hallar á annað kynið.	Skrifstofustjóri/ sveitarstjórn / Velferðarnefnd	Lokið í ágúst ár hvert

17.gr. Kynjasambætting

Áhersla er lögð á sambættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun, áætlanagerð og þjónustu

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggt verði að sambætting kynjasjónarmiða eigi sér stað í allri stefnumótun, áætlanagerð og þjónustu hreppsins	Kynja- og jafnréttissjónarmið séu samtvinnuð fjárhagsáætlunargerð	Sveitarstjóri og fjármálastjóri	Alltaf

Vopnafjarðarhreppur sem vinnuveitandi

19. gr. Launajafnrétti

Jafnréttislög kveða á um að atvinnurekanda beri að greiða konum og körlum jöfn laun og að konur og karlar skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja launajafnrétti og að allar launaákvörðanir séu málefna- legar, skjalfestar og rekjanlegar	Greina laun og fríðindi starfsmanna og kanna hvort um kynbundinn launa- mun sé að ræða	Stjórnendur Launafulltrúi	Júní 2020
	Innleiðing jafnlaunastaðals	Skrifstofustjóri	Júní 2020
	Leiðrétta óútskýrðan launa- mun kynjanna	Skrifstofustjóri /Sveitarstjóri	Alltaf

20.gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Laus störf skulu standa jafnt konum sem körlum til boða. Sérstök áhersla er lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Innan ákveðinna starfsgreina hjá Vopnafjarðarhreppi eru störf kynjaskipt. Til að jafna kynjahlutfallið í starfsgreinum skal það kynið sem er í minnihluta ganga fyrir við ráðningar þegar umsækjendur eru jafn hæfir. Við ráðningar er óheimilt að mismuna fólki á grundvelli kynbundinna þátta. Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafna hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum	Taka saman árlega lykilupplýsingar um fjölda stjórnenda eftir kyni og bregðast við kynjahalla eftir því sem við á	Skrifstofutjóri	Árlega
Laus störf á vinnustöðum sveitarfélagsins standi opin öllum kynjum	Atvinnuauklýsingar skulu að jafnaði vera kynhlutlausar, en sé um að ræða störf þar sem hallar á annað kynið skal vekja athygli á því markmiði jafnréttisstefunnar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar sbr. 26. gr jafnréttislaga	Sveitarstjóri og stjórnendur	Alltaf þegar starf er laust til umsóknar
Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum	Nýta niðurstöður vinnustaðagreiningar til að fylgjast með því að karlar og konur séu að fá jöfn tækifæri til endurmenntunar og starfsþjálfunar	Skrifstofutjóri	Alltaf

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Vopnafjarðarhreppur vill gera starfsfólki kleift að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða tilfærslu í starfi, sem því verður við komið og mismunandi fjölskylduaðstæðum sé sýndur skilningur s.s. vegna veikinda barna og umönnunar aldraðra foreldra.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nýta kosti sveigjanleika á vinnustað til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf	Tryggja skal að starfsfólki sé ekki mismunað vegna barneigna	Stjórnendur	Alltaf
	Starfsfólk eigi kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma eða vinnuskipulags þar sem því verður við komið og hentað getur bæði starfsmanni og starfsemi	Stjórnendur	Alltaf
	Kappkosta skal að halda ekki fundi á vinnustöðum í upphafi og lok vinnudags á þeim tíma sem þegar líklegast er að starfsfólk nýti sveigjanleika í vinnutíma	Stjórnendur	Alltaf
	Karlar hvattir til að nýta sveigjanleika, hlutastörf eða aðrar leiðir til að þeir geti tekið fulla ábyrgð á fjölskyldu sinni	Stjórnendur	Alltaf

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Fordómar, einelti og ofbeldi af hvaða tagi sem er eða kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Vopnafjarðarhreppi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að fordómar, einelti, ofbeldi eða kynbundin og kynferðisleg áreitni viðgangist á vinnustöðum hreppsins	Mæling í vinnustaðgreiningu	Skrifstofustjóri	Árlega
	Fræðsla og þjálfun fyrir stjórnendur í viðbrögðum við einelti og áreitni	Stjórnendur	2020
	Tryggja að fyrir liggja áhættumat fyrir alla þætti starfseminnar, þ.m.t. sálfélagslegu þættina	Stjórnendur	2020
	Vinna að viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni og kynna fyrir öllu starfsfólki	Velferðarnefnd Stjórnendur	2020

Vopnafjarðarhreppur sem veitandi þjónustu

Vopnafjarðarhreppur starfrækir ýmsa þjónustu fyrir íbúa, bæði lögbundna og ólög- bundna þjónustu sem mörkuð er með ákvörðunum sveitarstjórnar. Allir eiga óháð kyni jafnan aðgang að þjónustu bæjarins. Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal tekið mið af þörfum allra kynja og áhrifum ákvarðana á stöðu þeirra.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Flétta jafnréttissjónarmið saman við þjónustu hreppsins þannig að hún ýti undir jafnrétti meðal íbúa	Allir eiga óháð kyni jafnan aðgang að þjónustu hreppsins	Sveitarstjórn	Alltaf
Allt uppeldis- og tólmstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á vegum hreppsins og stofnana hans skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi	Fræðsla um jafnrétti sé hluti af skólastarfi	Sveitarstjóri	Alltaf
	Jafnréttisfræðsla skal fara fram á öllum skólastigum	Skólastjórn- endur	Alltaf
	Börnum og unglíngum skal veitt hvatning tli að rækta hæfileika sína og persónuþroska án tillits til hefðbundinna staðalmynda kynjanna	Skólastjórn- endur	Alltaf
Styrkir Vopnafjarðarhrepps til félagasamtaka eru bundnir því skilyrði að kynjum sé ekki mismunað	Tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem hreppurinn lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti jafnréttis í hvívetna	Hreppsráð	Alltaf

Eftirfylgni

Jafnréttisáætlun sveitarfélaga skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps var samþykkt í sveitarstjórn 23.1. 2020 og skal endurskoða fyrir lok maí 2023.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin sé í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannanna	Hreppsráð	Lokið í maí 2023



Vopnafjarðarhreppur

Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

+354 473 1300
skrifstofa@vfh.is

www.vfh.is